

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Búnaðarfélags 186 Svarfdæla“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. okt. 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Búnaðarfélags Svarfdæla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Búnaðarfélags Svarfdæla.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna bændur á félagssvæðinu, einkum hina fátækari, fyrir framúrskarandi dugnað og hagsýni í landbúnaði, svo sem jarðrækt, allri fóðrun og kynbótum búfjár, húsabyggingum á ábyli sínu, smíði og notkun landbúnaðarverkfæra eða hverju öðru því, er hafið getur atvinnugrein þessa til vegs og tryggt afkomu hennar.

3. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Svarfdæla hefur á hendi veitingu verðlauna úr sjóðnum. Umsóknir um verðlaun skulu sendar félagsstjórninni, og er hverjum manni búsettum á félagssvæðinu heimilt að senda umsókn til handa öðrum manni, en aldrei til sjálfsverðlauna. Þyki stjórninni ástæða til að verðlauna einhvern búanda samkvæmt 2. gr., skal henni það heimilt, þótt eigi hafi komið um það tilmæli eða umsókn.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins, kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —, er dánargjöf Jóns Baldvins Guðjónssonar, bónda á Hreiðarsstöðum í Svarfaðardal.

Þegar sjóðurinn nemur þrjú þúsund krónum, má hefja verðlaunagreiðslu og verja til þess ársvöxtum sjóðsins. Ávallt skal þó leggja hálf ársvexti við höfuðstól, unz sjóðurinn nemur sex þúsund krónum, en eftir það bætist þriðji hluti ársvaxtanna við höfuðstólinn. Ef sá hluti ársvaxtanna, sem verja má til verðlauna, er ekki notaður eða aðeins að einhverju leyti, skal afgangurinn lagður við höfuðstólinn.

5. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheitum og öðru því fé, sem honum kann að berast, og leggst það við höfuðstólinn.

6. gr.

Verðlaunasjóðurinn sé ætíð í umsjá stjórnar Búnaðarfélags Svarfdæla og sé henni skylt að ábyrgjast og ávaxta hann, sem aðrar peningaeignir félagsins.

7. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Svarfdæla færir árlega reikning um hag sjóðsins. Sé reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum félagsins, lesinn upp á aðalfundi þess og samþykktur þar. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

186

26. okt.

8. gr.  
Skiptist Búnaðarfélag Svarfdæla í tvö félög, fellur sjóðurinn óskiptur í eign þess félagsins, sem nær yfir fremri hluta Svarfaðardals.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

187

28. sept.

## AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 234 31. desember 1943, um breyting á reglum um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar, nr. 222 21. febr. 1939.

Í 2. málslíð 1. mgr. 2. gr. Í stað „kr. 65.00“ komi: kr. 33.00.

Ákvæði þetta er hér með sett samkvæmt lögum nr. 104 30. desember 1943, um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. september 1945.*

**Finnur Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

188

25. sept.

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 131 25. júlí 1941.

1. gr.

8. grein reglugerðarinnar verði svo hljóðandi:

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 2½% af fasteignamatsverði húsanna.

Af verksmiðjum eða húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem mikið vatn útheimtir, skal greiða 5% af fasteignamatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá nokkun.

2. gr.

9. grein verði svo hljóðandi:

Af hverri tunnu grófsaltaðrar sildar greiðist 5 aurar í vatnsgjald.

Af hverri tunnu sérverkaðrar sildar greiðist 10 aurar í vatnsgjald.

Fyrir hverja tunnu af flakaðri sild 25 aurar.

Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski greiðist 3 aurar.

Af hverri tunnu af söltuðum flökuðum fiski greiðist 10 aurar.

Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskiflökum greiðist 15 aurar.